

BORGARRÁÐ 22.9.'16: Tillaga borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina vegna viljayfirlýsingar milli Reykjavíkurborgar og Heklu hf. - R16020062

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að fyrirbyggjandi viljayfirlýsing, sem felur í sér ráðstöfun á 24 þúsund fermetra lóð í Syðri-Mjódd án útboðs, verði ekki tekin til afgreiðslu í borgarráði fyrr en eftirtöldum aðilum hefur verið gefinn kostur á að gefa umsögn um hana: Íþróttafélag Reykjavíkur, starfshópur Íþróttafélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar um svæði ÍR í Mjódd, íbúasamtökin Betra Breiðholt, hverfisráð Breiðholts, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, Hjúkrunarheimilið Skógarbær, Árskógum 2, félagsstarfið Árskógum 4, húsfélagið Árskógum 6-8, Félag eldri borgara í Reykjavík, Húsnæðissamvinnufélagið Búseti.

BORGARRÁÐ 12.1.'1: Bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um íbúafund vegna ráðstöfunar lóðar í Suður-Mjódd - R16020062

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina telja rétt að haldinn verði opinn íbúafundur um skipulagsmálefni í Syðri-Mjódd sem fyrst, þ.m.t. hugmyndir meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna um ráðstöfun 24 þúsunda fermetra lóðar á svæðinu til ákveðins fyrirtækis án útboðs. Eftir sem áður er rétt að gefa hagsmunaaðilum á svæðinu kost á að skila formlegri umsögn um málið en tillaga Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar og flugvallarvina þar að lútandi hefur nú legið óafgreidd í borgarráði í þrjá og hálfan mánuð.

BORGARRÁÐ 12.1.'1: Bókun borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks og Framsóknar og flugvallarvina um íbúafund vegna ráðstöfunar lóðar í Suður-Mjódd - R16020062

Því skal haldið til haga að íbúafundur verður haldinn innan tíðar þar sem kynning verður á deiliskipulaginu á svæðinu, samninga við ÍR og Heklu, þar sem ofantöldum aðilum verður sérstaklega gert viðvart í þeim tilgangi að hagaðilar og nánasta grennd geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.